

INNRI VÖXTUR ICELANDAIR GROUP HELDUR ÁFRAM

- | Tap eftir skatta nam 18,3 milljónum USD samanborið við 13,2 milljónir USD árið áður.
- | Afkoma fjórðungsins betri en upphafleg afkomuspá.
- | EBITDA var neikvæð um 8,3 milljónir USD samanborið við 3,0 milljónir USD árið áður.
- | Farþegatekjur jukust um 24% á milli ára.
- | Heildartekjur jukust um 10%.
- | Eiginfjárlutfall 32% í lok mars.
- | Handbært fé frá rekstri 78,5 milljónir USD samanborið við 86,1 milljón USD árið áður.

Púsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting	12 mán. 2012
Rekstrarreikningur					
Heildartekjur	173.045	157.698	15.347	10%	898.866
EBITDAR	4.122	11.136	-7.014	-63%	165.772
EBITDA	-8.314	-3.048	-5.266	-173%	109.646
EBIT	-22.998	-16.723	-6.275	-38%	50.787
EBT	-22.923	-16.627	-6.296	-38%	57.448
Hagnaður /tap tímabilsins	-18.289	-13.189	-5.100	-39%	44.275
Efnahagsreikningur					
Heildareignir	834.910	780.269	54.641	7%	762.895
Eigið fé	267.308	241.338	25.970	11%	295.932
Vaxtaberandi skuldir	140.506	171.154	-30.648	-18%	150.906
Handbært fé og markaðsverðbréf	165.224	145.565	19.659	14%	132.794
Nettó vaxtaberandi skuldir	-24.718	25.588	-50.306	-197%	18.112
Sjóðstreymi					
Veltufé til / frá rekstri	-1.481	2.457	-3.938	-160%	141.490
Handbært fé frá rekstri	78.453	86.138	-7.685	-9%	166.743
Fjárfestingahreyfingar	-40.795	-12.509	-28.286	226%	-76.476
Fjármögnunarhreyfingar	-11.239	-25.714	14.475	-56%	-51.453
Handbært fé í lok tímabils	143.958	126.580	17.378	14%	117.060
Lykiltölur					
Afkoma á hlut USD	-0,45	-0,33	-0,12	-36%	0,89
Innra virði hlutafjár	6,59	5,95	0,64	11%	7,29
Eiginfjárlutfall	32%	31%	1%	4%	39%
Veltufjárlutfall	0,76	0,81	-0,05	-6%	0,94
Fjárfestingar, púsundir USD	43.102	22.978	20.124	88%	95.874
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	64%	58%	6%	11%	67%
EBITDAR hlutfall	2,4%	7,1%	-4,7%	-66%	18,4%
EBITDA hlutfall	-4,8%	-1,9%	-2,9%	-149%	12,2%
Hlutabréf íslenskar krónur					
Hæsta verð á tímabili	11,90	6,10	5,80	95%	8,24
Lægsta verð á tímabili	8,22	4,83	3,39	70%	4,83
Lokaverð tímabils	11,35	6,10	5,25	86%	8,22
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	56.750	30.500	26.250	86%	41.100

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma Icelandair Group í fjórðungnum var betri en afkomuspár okkar gerðu ráð fyrir og áætlanir um áframhaldandi vöxt gengu eftir. Framboð í millilandaflugi jókst um tæpan fjórðung á fyrstu þremur mánuðum ársins og farþegafjöldi jókst í takt við það og nam 18%. Fjöldi farþega jókst mest á N-Atlantshafsmarkaðinum eða um 40%. Farþegum til Íslands fjölgaði einnig töluvert frá síðasta ári sem hefur haft jákvæð áhrif á alla ferðaþjónustu á Íslandi. Viðsnúningur hefur orðið í fraktstarfsemi félagsins. Þar hefur verið dregið markvisst úr leiguflugsverkefnum og áhersla aukin á áætlunarflug með frakt sem er að skila góðum árangri.

Í byrjun árs gáfum við út EBITDA spá fyrir árið 2013 sem nam 115-120 milljónum dala. Afkoma fyrsta ársfjórðungs var nokkuð betri en sú spá gerði ráð fyrir auk þess sem rekstrarhorfur eru almennt jákvæðar. Miðað við uppfærðar forsendur er gert ráð fyrir að EBITDA á árinu muni nema 122-127 milljónum dala.“

FLUTNINGATÖLUR

- | **Farþegar í millilandaflugi voru 358 þúsund og fjölgaði um 18%.**
- | **Sætanýting í millilandaflugi var 74,2%.**
- | **Seldum blokk tímum í leiguflugsverkefnum fækkaði um 11% á milli ára.**

	1.ársfj. '13	1. ársfj. '12	% br.
MILLILANDAFLUG			
Farþegafjöldi ('000)	358,3	304,9	18%
Sætanýting (%)	74,2	75,3	-1,1 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	1.368,3	1.099,9	24%
INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG			
Farþegafjöldi ('000)	70,5	78,1	-10%
Sætanýting (%)	70,7	68,7	2,1 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	31,5	35,9	-12%
LEIGUFLUG			
Flotanýting (%)	84,3	87,1	-2,8 %-stig
Seldir blokk tímur	7.225	8.112	-11%
FRAKTFLUTNINGAR			
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	39.508	36.697	8%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	22.509	22.131	2%
HÓTEL			
Framboðnar gistinætur	66.600	54.082	23%
Seldar gistinætur	41.891	33.420	25%
Herbergjanýting (%)	62,9	61,8	1,1 %-stig

Framboð í millilandaflugi jókst um 24% á fyrsta ársfjórðungi og farþegum fjölgaði á sama tíma um 18%. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en mest var hún á markaðinum yfir N-Atlantshafið þar sem hún nam 40%. Aukning á ferðamannamarkaðinum til Íslands nam tæpum 23%. Sætanýting var 74,2% en nam á sama tímabili á síðasta ári 75,3%.

Farþegar í innanlandsflugi og flugi til Grænlands voru rúmlega 70 þúsund á fjórðungnum og fækkaði um 10% miðað við síðasta ár. Framboð var 12% minna en á sama tímabili í fyrra. Sætanýting á

fjórðungnum nam 70,7% og jókst um 2,1 prósentustig á milli ára. Seldum blokk tímum í leiguflugi á fjórðungnum fækkar á milli ára vegna minni eftirspurnar á leiguflugsmörkuðum. Flutt frakt í áætlunarflugi jókst frá fyrra ári um 2%. Fjöldi seldra gistinotta jókst um fjórðung á fyrsta ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 62,9% miðað við 61,8% á sama tímabili á síðasta ári.

REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Púsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting
EBITDAR	4.122	11.136	-7.014
EBITDA	-8.314	-3.048	-5.266
EBIT	-22.998	-16.723	-6.275
EBT	-22.923	-16.627	-6.296
Tap tímabilsins	-18.289	-13.189	-5.100
EBITDAR %	2,4%	7,1%	-4,7 %-stig
EBITDA %	-4,8%	-1,9%	-2,9 %-stig

EBITDA var neikvæð um 8,3 milljónir USD og lækkaði um 5,3 milljónir USD á milli ára. EBITDA-hlutfall var -4,8% á fyrsta ársfjórðungi en var -1,9% á sama tímabili 2012. Þegar afkomuspá fyrir árið 2013 var gefin út í byrjun ársins var tekið fram að afkoma fyrsta ársfjórðungs myndi versna á milli ára. Skýrist það af kostnaði vegna aukins umfangs á háannatíma sem gjaldfærast á fyrri hluta ársins, sbr. innleiðingakostnaður nýrra flugvéla, bókunar- og umboðslaunagjöld og kreditkortþóknar. Auk þess nam tekjufærður söluhagnaður 2,6 milljónum USD á fyrsta ársfjórðungi 2012 og bónusgreiðslur til allra starfsmanna samstæðunnar 2,8 milljónum USD sem ekki voru árið 2012. EBITDA fjórðungsins var umfram væntingar stjórnenda sem skýrist að mestu af hærri farþegatekjum, þá sérstaklega á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Tekjur á N-Atlantshafsmarkaðinum voru einnig umfram áætlanir.

EBIT var -23,0 milljónir USD en var -16,7 milljónir USD á sama tímabili árið á undan. Tap eftir skatta var 18,3 milljónir USD en á sama tímabili 2012 nam tapið 13,2 milljónum USD. EBITDAR var 4,1 milljón USD samanborið við 11,1 milljón USD á fyrsta ársfjórðungi 2012. EBITDAR-hlutfall var 2,4% en var 7,1% á sama tímabili í fyrra.

TEKJUR

- | Heildartekjur voru 10% hærri en á fyrsta ársfjórðungi 2012.
- | Farþegatekjur jukust um 24% á milli ára.
- | Flutningatekjur 64% af heildartekjum.

Púsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting	% af tekjum 2013
Flutningatekjur:					
Farþegaflug	99.976	80.705	19.271	24%	58%
Vöru- og pósthutningar	10.091	9.989	102	1%	6%
Flugvéla- og áhafnaleiga	28.352	30.411	-2.059	-7%	16%
Aðrar rekstrartekjur	34.626	36.593	-1.967	-5%	20%
Samtals	173.045	157.698	15.347	10%	100%

Flutningatekjur jukust um 19,4 milljónir USD eða um 21%, þar af hækkuðu farþegatekjur um 19,3 milljónir USD eða 24%. Tekjur af flugvéla og áhafnaleigu drógust saman um 2,1 milljón USD vegna færri flugvéla í leiguflugsverkefnum á tímabilinu. Aðrar rekstrartekjur námu 34,6 milljónum USD og lækkuðu um 2,0 milljónir USD eða um 5% miðað við fyrsta ársfjórðung 2012. Skýrist lækkunin að mestu leyti af söluhagnaði á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs ásamt minni tekjum af viðhaldsþjónustu eins og sjá má í töflunni hér á eftir.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting
Vörusala á hótelum, flugvöllum og flugvélum	7.827	6.661	1.166	18%
Tekjur af ferðaþjónustu	11.727	11.367	360	3%
Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt	7.413	6.458	955	15%
Seld viðhaldsþjónusta	1.289	3.628	-2.339	-64%
Söluhagnaður fastafjármuna	61	2.550	-2.489	-98%
Aðrar rekstrartekjur	6.309	5.929	380	6%
Samtals	34.626	36.593	-1.967	-5%

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður jókst um 20,6 milljónir USD.
- Kostnaðarhækkunir eru að mestu tilkomnar vegna meira framboðs í millilandaflugi.
- Innleiðingar-, bókunar- og umboðslaunakostnaður vegna aukins framboðs á háannatíma var gjaldfærður á fjórðungnum.
- Flugvéla- og áhafnaleiga lækkar þar sem ein Boeing 757-200 vél var keypt sem áður var á rekstrarleigu.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting	% af kostnaði 2013
Laun og annar starfsmannakostnaður	52.086	43.137	8.949	21%	29%
Eldsneytiskostnaður	43.423	38.067	5.356	14%	24%
Flugvéla- og áhafnaleiga	16.954	18.559	-1.605	-9%	9%
Afgreiðslu-, lendingar og yfirflugsgjöld	12.393	10.788	1.605	15%	7%
Viðhaldskostnaður flugvéla	12.358	12.157	201	2%	7%
Annar rekstrarkostnaður	44.145	38.038	6.107	16%	24%
Samtals	181.359	160.746	20.613	13%	100%

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 8,9 milljónir USD eða 21% í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2012. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar, áhrifa samningsbundinna launahækkana ásamt bónusgreiðslu til allra starfsmanna samstæðunnar að fjárhæð 2,8 milljónum USD sem ekki var árið 2012.

Eldsneytiskostnaður jókst um 5,4 milljónir USD sem er 14% hækkun frá sama tíma í fyrra og skýrist af auknu umfangi í millilandaflugi. Heimsmarkaðsverð á olíu var að meðaltali 1.038 USD/tonn á fyrsta ársfjórðungi 2013 samanborið við 1.062 USD/tonn á sama tímabili 2012.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2012 um 1,6 milljónir USD eða 9%. Skýrist það m.a. af kaupum á flugvélum á fjórðungnum, sem áður voru á rekstrarleigu auk lækkunar á leigu.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 1,6 milljónir USD á milli ára eða um 15% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. Viðhaldskostnaður nam 12,4 milljónum

USD og jókst um 2% á milli ára. Annar rekstrarkostnaður nam 44,1 milljón USD og hækkaði um 6,1 milljón USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Púsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	4.700	4.027	673	17%
Samskiptakostnaður	3.504	3.070	434	14%
Auglýsingakostnaður	5.267	5.575	-308	-6%
Bókunargj., kreditkortabókun og umboðslaun	9.387	7.566	1.821	24%
Kostnaðarverð seldra vara	3.921	3.310	611	18%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	2.230	2.016	214	11%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	6.136	5.129	1.007	20%
Tapaðar kröfur	2.115	1.442	673	47%
Annar rekstrarkostnaður	6.885	5.903	982	17%
Samtals	44.145	38.038	6.107	16%

FJÁRMAGNSLIÐIR

Fjármagnsliðir voru jákvæðir á tímabilinu

Púsundir USD	1. ársfj. 2013	1. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting
Fjármagnstekjur	698	931	-233	-25%
Fjármagnsgjöld	-2.521	-3.264	743	-23%
Gengisáhrif	1.852	2.472	-620	-25%
Samtals	29	139	-110	-79%

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 2,5 milljónum USD og lækkuðu um 0,7 milljónir USD á milli ára. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð að fjárhæð 1,9 milljónum USD, en voru jákvæð að fjárhæð 2,5 milljónum USD á sama tímabili árið 2012. Vegna skulda umfram eignir í íslenskum krónum í efnahagsreikningi veldur veiking krónunnar á móti bandaríkjadal gengishagnaði á fjórðungnum.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

Heildareignir námu 834,9 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs.

Eiginfjárhlutfall var 32%.

Vaxtaberandi skuldir námu 140,5 milljónum USD og lækka frá byrjun árs.

Púsundir USD	31.03.2013	31.12.2012	Breyting	31.03.2012
Heildareignir	834.910	762.895	72.015	780.269
Eigið fé	267.308	295.932	-28.624	241.338
Vaxtaberandi skuldir	140.506	150.906	-10.400	171.154
Nettó vaxtaberandi skuldir	-24.718	18.112	-42.830	25.588
Handbært fé og markaðsverðbréf	165.224	132.794	32.430	145.565
Eiginfjárhlutfall	32%	39%	-7 %-stig	31%
Veltufjárhlutfall	0,76	0,94	-19%	0,81

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 309,4 milljónum USD og jukust um 26,3 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í lok fjórðungsins voru 40 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 26 í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs.

Flugvéla-gerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfélag Íslands	Flugfloti 31.03.13	Flugfloti 31.12.12	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.12
B757 200	17	4	3		24	23	16	8	1
B757 300	1				1	1	1		0
B767 300			5		5	5		5	0
B737 800			1		1	1		1	0
Fokker F-50				6	6	6	6		0
Dash 8-200				2	2	2	2		0
A-320					1	1	1		0
Samtals	18	4	9	8	40	39	26	14	1

Eigið fé nam 267,3 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 32% og hækkaði samanborið við lok fyrsta ársfjórðungs 2012 þegar það nam 31%. Arður sem samþykktur var á aðalfundi í mars var færður til skuldar og til lækkunar á eigin fé, en hann var greiddur út í apríl. Arðurinn nam 0,30 USD á hvern hlut og var samtals 11,8 milljónir USD. Í árslok 2012 var eiginfjárlutfallið 39%.

Vaxtaberandi skuldir námu 140,5 milljónum USD, samanborið við 150,9 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á fyrsta ársfjórðungi námu 11,2 milljónum USD.

Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 165,2 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2013 samanborið við 132,8 milljónir USD í byrjun árs. Nettó vaxtaberandi skuldir námu því -24,7 milljónum USD í lok fjórðungsins og lækkuðu um 42,8 milljónir USD frá áramótum.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | Handbært fé var 144,0 milljónir USD.
- | Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárum námu 41,0 milljón USD.
- | Afborganir langtímalána námu 11,2 milljónum USD.

Þúsundir USD	1. ársfj. 13	1. ársfj. 12	Breyting
Veltufé til / frá rekstri	-1.481	2.457	-3.938
Handbært fé frá rekstri	78.453	86.138	-7.685
Fjárfestingahreyfingar	-40.795	-12.509	-28.286
Fjármögnunarahreyfingar	-11.239	-25.714	14.475
Handbært fé, breyting	26.419	47.915	-21.496
Handbært fé í lok tímabils	143.958	126.580	17.378

Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 78,5 milljónum USD og lækkaði um 7,7 milljónir USD miðað við fyrsta ársfjórðung 2012. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárum námu 41,0 milljón USD. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu 2,1 milljón USD.

Þúsundir USD	1. ársfj. 13
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	32.085
Hreyflayfirhöl eigin vélar	6.652
Aðrar fjárfestingar	2.294
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	41.031
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	1.542
Óefnislegar eignir	529
Fjárfestingar samtals	43.102

Afborganir langtímalána námu 11,2 milljónum USD á fjórðungnum. Handbært fé á fjórðungnum jókst um 26,4 milljónir USD. Aukning á sama tíma á síðasta ári nam 47,9 milljónum USD.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | **Áframhaldandi innri vöxtur.**
- | **Viðsnúningur í fraktstarfsemi.**

Áframhaldandi innri vöxtur er ráðgerður á árinu 2013 með 15% umfangsmeiri flugáætlun í millilandaflugi en á árinu 2012. Vöxturinn er áætlaður hlutfallslega meiri yfir vetrarmánuðina en yfir sumarið sem er í takt við stefnu félagsins að draga úr árstíðarsveiflu og byggja Ísland upp sem heilsársáfangastað. Fyrsti fjórðungur ársins fór vel af stað, framboðs aukning nam 24% miðað við sama tímabil á síðasta ári og farþegaaukning var 18%.

Áætlanir félagsins ráðgera að millilandaferþegar verði um 2,3 milljónir á árinu 2013, en þeir voru rétt yfir 2 milljónir á árinu 2012. Bókunarstaða fyrir sumarið er í takt við aukið framboð. Gert er ráð fyrir að fjöldi farþega sem fljúga með félaginu yfir N-Atlantshafið muni aukast hlutfallslega mest á árinu. Jafnframt er áætlað að ferðamönnum til Íslands fjölgi, en bókunarstaða á þeim markaði er góð bæði fyrir sumarið og fram á haustið.

Millilandaflugið er helsti drifkrafturinn í rekstri Icelandair Group. Þannig hefur aukið framboð og fjölgun farþega jákvæð áhrif á aðra starfsemi samstæðunnar, hvort sem um er að ræða hótélrekstur, þjónustu við ferðamenn á Íslandi, flugafgreiðslu eða fraktflutninga milli landa og er gert ráð fyrir vexti í rekstri þessarar starfsemi á árinu.

Innanlandsflugsstarfsemi félagsins býr við krefjandi rekstrarumhverfi meðal annars vegna mikilla hækkana á opinberum gjöldum á Íslandi á undanförmum árum. Brugðist hefur verið við með minna framboði. Ráðgerir félagið að minnka flugáætlun sína innanlands um 4% miðað við árið 2012 vegna þessa.

Viðsnúningur hefur orðið í fraktstarfsemi Icelandair Group. Dregið hefur verið úr leiguflugsstarfsemi og áherslan í auknum mæli sett á áætlunarflug. Fraktstarfsemin hefur nú yfir að ráða fjórum flugvélum, tvær sem sinna fraktflugi til og frá Íslandi til Evrópu og N-Ameríku og tvær sem eru í föstum leiguverkefnum í Evrópu. Þá eru lestar farþegavéla í millilandaflugi nýttar til fraktflutninga. Í febrúar var tilkynnt um að samningar hefðu verið framlengdir við hollenska hraðflutningafélagið TNT til 1. apríl ársins 2015, sem er í takt við leigusamning við leigusala vélarinnar.

Miklar endurbætur hafa átt sér stað á hótélum Icelandair Group á síðustu tveimur árum og eru áframhaldandi endurbætur áætlaðar á árinu 2013. Tilkoma nýrra áfangastaða og aukin tíðni í millilandaflugi Icelandair Group, ásamt markvissari markaðssetningu Íslands sem heilsársáfangastaðar hefur haft jákvæð áhrif á nýtingu hótela félagsins, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Bókunarstaða fyrir sumarið er góð og með svipuðu móti og undanfarin ár.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok mars er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 41% af áætlaðri notkun á tímabilinu apríl-desember 2013 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

2013	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamn. og valréttir	Meðalverð samninga USD	Hlutfall varið
Apríl	15.001	7.250	1.027	48%
Maí	18.538	10.250	1.026	55%
Júní	24.396	12.300	1.014	50%
Júlí	26.245	12.400	1.030	47%
Ágúst	26.191	12.400	1.021	47%
September	21.109	10.250	999	49%
Október	17.776	4.000	993	23%
Nóvember	15.216	2.000	991	13%
Desember	13.959	2.000	1.004	14%
Samtals	178.431	72.850	1.017	41%

* eru meðtaldir í dálknum „Skiptasamningar og valréttir“

EBITDA SPÁ 2013


Í byrjun árs gaf Icelandair Group út EBITDA-spá fyrir árið 2013 sem nam 115-120 milljónum USD. Skv. nýrri spá (sem byggir á rauntölum fyrir fyrstu 3 mánuði ársins og uppfærðum forsendum fyrir aðra mánuði) er gert ráð fyrir að EBITDA fyrir árið í heild muni hækka og nema 122-127 milljónum USD. Sú spá gerir ráð fyrir að meðalverð á hvert tonn á þotueldsneyti verði að meðaltali 992 USD/tonn í apríl og 1.050 USD/tonn á tímabilinu maí – desember og að EUR/USD krossinn verði að meðaltali 1,30.

HLUTHAFAR

- | Hlutabréfaverð Icelandair Group hefur hækkað um 38% frá áramótum.
- | Markaðsvirði í lok mars var 56,8 milljarðar íslenskra króna.

Markaðsvirði félagsins nam 56,8 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2013. Lokaverð fjórðungsins var 11,35 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fjórðungnum var 11,90 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 8,22 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 10,57 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 31. mars 2013 var 5.000.000.000 og fjöldi útistandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 38% á fyrsta ársfjórðungi 2013 og fjöldi hluthafa var 1.696 í lok mars og fjölgaði um 238 frá upphafi árs.

Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrsta ársfjórðungi 2013:



KYNNINGARFUNDUR 2. MAÍ 2013

Opinn kynningafundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 2. maí 2013 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs fyrsta ársfjórðungs 2013 var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. apríl 2013.

FJÁRHAGSDAGATAL

- | Uppgjör 2. ársfjórðungs - vika 31, 2013
- | Uppgjör 3. ársfjórðungs - vika 44, 2013
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs - vika 6, 2014

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801